

12. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu ásamt greinargerð:

Flokkur fólksins leggur til að sett verði á laggirnar teymi sem bregst við ef upp kemur erfitt ástand/tilvik meðal leigjenda Félagsbústaða utan hefðbundins opnunartíma þjónustumiðstöðva. Mörg dæmi, m.a. nú um jól og áramót, koma upp utan opnunartíma þjónustumiðstöðva sem leigjendur vita ekki hvernig bregðast á við. Hér getur verið um erfið tilvik í stigagöngum, erjur milli leigjenda og jafnvel alvarlegar uppákomur sem tengjast einum eða fleiri leigjendum. Um er að ræða stigaganga/hús þar sem Félagsbústaðir eiga íbúðir að stórum hluta eða öllu leyti. Sambærilegar kringumstæður komu upp um síðustu jól. Í þessum aðstæðum sem eiga sér stað utan hefðbundins opnunartíma eiga leigjendur enga möguleika á að fá aðstoð. Það dugar ekki að segja við fólk að það verði bara að bíða þar til þjónustumiðstöð opni. Sum þessara mála eru að koma upp ítrekað og sem þjónustumiðstöð hefur ekki getað leyst jafnvel þótt hún hafi unnið að því. Stundum eru aðstæður þannig að mál þola ekki neina bið og því ekki viðeigandi að segja viðkomandi að leita til síns ráðgjafa þegar stofnun opnar næst. Ef mörg vandamál koma upp af því tagi sem hér er vísað í er alveg ljóst að verkferlar, virka ekki sem skyldi. Eithvað annað þarf því að koma til.

Greinargerð

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af þessum málum og finnst sem meirihlutinn í borginni sé ekki að taka þau nógu alvarlega. Finna þarf nýjar leiðir til að mæta vanda af þessu tagi. Vissulega mun það kosta aukafjármagn nema hægt sé að hagræða og skipuleggja með þeim hætti að sparnaður hljóti af án þess að skerða skilvirkni og þjónustu. Hér er um að ræða tillögu um teymi e.t.v. þriggja aðila sem taka það að sér að svara kalli leigjenda utan opnunartíma þjónustumiðstöðva. Þetta mætti að minnsta kosti prófa til reynslu í ákveðinn tíma. Gert er ráð fyrir að teymið mæti á staðinn og reyni að milda aðstæður, róa aðila, ræða við leigjendur eða annað sem þarf að gera eftir því hvernig málum er háttað. Þurfi aðstoð lögreglu muni umrætt teymi hafa milligöngu um það ef óskað er. Eins og staðan er í dag geta leigjendur hvergi leitað ráðgjafar eða stuðnings ef upp koma mál sem varða aðra leigjendur og þurfa þeir þá að bíða jafnvel dögum saman eins og um hátíðir við óviðunandi aðstæður þar til þjónustumiðstöð opnar. Allur gangur er þá á hvort þeir þá fái lausn mála sinna yfir höfuð. Í mörgum tilfellum myndi nægja að veita ráðgjöf og róa leigjendur t.d. ef hræðsla hefur gripið um sig. Í sumum tilfellum þarf að ganga lengra. Flokkur Fólksins telur að þetta sé eitt af þeim hlutverkum sem rekstraraðili leiguhúsnaðis eins og Félagsbústaðir þurfa að sinna. Margir leigjendur eru eldra fólk og öryrkjar og til þess verður að taka tillit.

Frestað.